

Létt og spræk Ampera-e

Opel hefur hannað bíl sem státar af flestu því sem góður borgarbíll hefur upp á að bjóða.

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Ampera-e er stór smábíll og snerpan er í öfugu hlutfalli við það sem virðist við fyrstu sýn. Bládamáður verður að viðurkenna að hann hafði nokkra fyrirvara á bílnum þegar hann settist í fyrsta sinn við stýrið enda orðinn vanur að prófa stóra, dýra rafbíl sem sprengt hafa alla skala í lúxus, krafti og kynngimagnaðri tækni.

En það var raunar áður en bíllinn var ræstur sem tvær grímur runnu á undirritaðan. Í fyrsta lagi var ótrúlega þægilegt að setjast inn í bílinn – beint inn og meira að segja er tekið úr hurðafalsinum neðanverðum til þess að auka á þægindin. Í öðru lagi sýndi létt skoðun á farþegasætum aftur í og skotti að plássíð er furðugott og í allt öðrum flokki en t.d. á Renault Zoe þar sem fullvaxnir karlmenn og ferðatöskur eiga ekki í nein skjól að venda.

Svo var tekið af stað og líkt og með flesta aðra rafbíl var snerpan mjög góð og jafnvel svo að maður þakkaði fyrir að gatan var þurr. En þar var stillt á sportstillingu sem ekki er endilega nauðsynleg í almennum borgarakstri.

Stýrikerfið að mestu þægilegt

Stýrikerfi bílsins er að mestu þægilegt í notkun en viðmótið á snertiskjá er þó á stundum óþarflega flókið. Það venst þó tiltölulega fljótt. Er hægt að fylgjast með orkunotkun bílsins og m.a. fræðast um hvaða þættir það eru helst sem ganga á rafhlöðuna. Á stýrishjóli eru allir hefðbundnu takkarnir sem maður vill ganga að vísun og þá er mótorbremsan sem hægt er að stýra á tveimur handföngum á stýriinu einnig mjög þægileg. Mest kom



Ampera-e er rennilegur á að líta í snjónum og líkt og á við um flesta rafbíl er hann góður í vetrarfærðinni.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Athygli vekur hversu gott innanrymið er. Það á við um aftursæti og skott.

mér þó á óvart hversu góður bíllinn var þegar hann var stilltur á „einstígsstýringu“ (one pedal driving).

Þannig er með einni aðgerð hægt að breyta inngjöfni þannig að himn virki sem bremsa þegar henni er

sleppt. Í Ampera-e er þessi búaður sérlega aðgengilegur og fljótur að venjast.

Rafhláðan vel staðsett

Í bílnum er 60 kWh rafhláða sem gerir framleiðandanum kleift að gefa bílinn upp með allt að 500 kílómetra drægni. Nærtækara er að tala um 400 kílómetra en það er þrátt fyrir allt feikileg drægni og miklu meiri en þarf fyrir flesta almenna notkun.

Ampera-e er hannaður frá grunni sem rafbíll og rafhlöðunni er því sérstaklega haganlega komið fyrir undir bílnum og liggur hluti hennar upp undir aftursætin. Þannig er skottplássíð í raun miklu meira en maður á að venjast í bíl af þessari stærðargráðu og aðeins Nissan Leaf sem státar af viðlíka rýmishytingu. Bíllinn er spennandi kostur fyrir þá sem vilja gott ökutæki í borgarsnattið án þess að gefa af mikinn afslátt á notkunarmöguleikum sem tengjast fleiri en einum farþega og farangri. Hann virkar að einhverju leyti léttari en Leaf og e-Soul og sver sig að því leyti meira í ætt við Zoe þótt bílarnir séu að öðru leyti ekki sam-anburðarhæfir, líkt og áður segir.

Verðið á bílnum er auk þess gott.

Opel Ampera-e

- » 150 kW rafmótor
- » 60 kWst rafhláða
- » Drægni u.þ.b. 400 km.
- » 204 hö / 360 Nm
- » Sjálfskiptur
- » 0-100 km/klst á 7,3 sek.
- » Framhjóladrifinn
- » Þyngd 1.691 kg.
- » Farangursrými 381 lítrar
- » Koltvísyringslosun 0 g/km
- » **Umboð: Bílabúð Benna Verð frá 4.990.000 kr**

Þótt það kunnist að vaxa einhverjum í augum að borga 4,5 milljónir fyrir smábíl þá verður að taka tvennt inn í þá jöfnu. Annars vegar að hann gengur fyrir rafmagni og það er afar hagstætt að hlaða hér á landi. Hins vegar það að bíllinn býr yfir ýmsum kostum umfram smábíla almennt. Því kynnast þeir sem láta vaða og prófa.



BÍLARÉTTINGAR OG SPRAUTUN

- Fagleg þjónusta
- Vönduð vinnubrögð
- Frítt tjónamat

HSRETTING.IS
547 0330



LÁTTU OKKUR UM MÁLIÐ

- BÍLARÉTTINGAR
- PLASTVIÐGERÐIR
- SPRAUTUN

Hægt er að bóka tjónaskoðun hjá okkur á netinu

SAMNINGAR VIÐ ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG

SIÓVA vörður VÍS TM

Hvaleyrabraut 2, 220 Hafnarfirði | Sími: 547 0330 | hsretting@hsretting.is | hsretting.is



Stýrikerfið er aðgengilegt og gott að fylgjast með orkunotkun.



Öllu er haganlega komið fyrir í þessum stóra smábíl, ekki síst í húddinu.